

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu  
Fræðslusamstarf haustið 2013: Námsmat og hæfniviðmið  
Vinnustofa í Lækjarskóla (Hafnarfirði) 11. nóvember 2013:  
*LYKILHÆFNIVIÐMIÐ – gerð, verkfæri og leiðir í námsmati*

Umræður í hópum um aðferðir og leiðir til að vinna með og meta lykilhæfni nemenda. Sjónarmið sem heyrðust í umræðunni beindust að ýmsum þáttum sem tilraun er gerð til að draga saman í stutta samantekt hér neðar.

### **1. Vinnubrögðin með lykilhæfniviðmiðin í skólastarfinu:**

- a. Nauðsynlegt er að viðmið um lykilhæfni séu nemendum sýnileg, þau séu kynnt þeim, rædd og endursögð á þeirra máli svo þeir skilji út á hvað þau ganga. Umræða um viðmiðin er því mikilvæg til skilnings fyrir nemendur svo þeir viti hvaða kröfur eru gerðar til þeirra. Nemendur þurfa að vita hvers er ætlast til af þeim.
- b. Stefna á að gera nemendur sem virkasta í náminu varðandi lykilhæfnina, virkja þá í mati á eigin námi, fá þá til að setja sér eigin markmið til að stefna að og tjá sig um þau.
- c. Viðmið um lykilhæfni opna fyrir fleiri leiðir í skólastarfinu eða öðru vísi verkefni hjá nemendum, t.d. sem verkefni sem miða að auknu sjálfræði nemenda í náminu til að sýna fram á eigin getu varðandi lykilhæfniþættina. Þannig er mikilvægt að vera með verkefni í náminu sem reyna á alla lykilhæfniþættina fimm og gera þá sýnilega. Dæmi um slíkt geta verið ýmsar smiðjur, listræn/skapandi verkefni og verkefni sem byggja á miklu sjálfstæði nemenda og eru ekki eingöngu kennarastýrð vinna. Það getur snúið að skipulagi náms, námsafurðum og kynningum á þeim. Í einstaka námsgreinum þarf að finna góðar tengingar við lykilhæfniþættina og velja viðfangsefni og aðferðir í samræmi við það.

### **2. Lykilhæfniþættir og námsgreinar:**

- a. Umræða var um að einstaka námsgreinar henti „misvel“ til að vinna með einstaka lykilhæfniþætti. Eða að alla vega að í sumum námsgreinum sé ekki alltaf auðvelt að sjá leiðir til að vinna með og meta einstaka lykilhæfniþætti. Á að gera ráð fyrir mikmiklu vægi einstakra lykilhæfniþátta eftir námsgreinum? Hvernig skal vinna með slíkt í skólastarfinu?
- b. Margir lykilhæfniþættir virðast huglægir en þá er mikilvægt að meta þá út frá hlutlægum þáttum sem eru þá skilgreindir á bak við þá. Þannig geti reynst vel að skilgreina þessa þætti fyrirfram, hafa þá skráða og nýta sér þá gátlista til að fylgjast með þeim í námi einstakra nemenda.
- c. Mikilvægt er að viðhafa fjölbreyttar og viðeigandi aðferðir í kennslu til að nemendur hafi möguleika á að sýna lykilhæfniþættina sem mest í skólastarfinu.
- d. Notaðu margvíslegar leiðir til að vinna með og meta lykilhæfni, gefa kost á mismunandi leiðum til að skila námsverkefnum og hafa kynningar á þeim. Enginn skortur á aðferðum til að vinna með lykilhæfniþætti í daglegu skólastarfi. Bent á mikilvægi feril-/verkmappa og persónulegra námsáætlana.

### 3. Lykilhæfniviðmið sem hluti leiðsagnar:

- a. Meginatriði í vinnu með lykilhæfni er að nýta hana til að styðja nemendur í námi og hjálpa þeim að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að með lykilhæfninni.
- b. Við leiðsögn (leiðsagnarmati) er mikilvægt að veita hana strax eða sem næst (í tíma) þeim viðfangsefnum sem verið er að vinna með. Leiðsögn miðar að því að hjálpa nemendum að þroskast og styðja þá til framfara. Nemendur þurfa að vita hvar þeir eru staddir allan námstímamann og fá viðeigandi leiðsögn.
- c. Í leiðsagnarmatinu er hægt að styðjast við sjálfsmat, jafningjamat, foreldramat og kennaramat. Viðhafa reglulega leiðsögn (símat) og á skipulegan hátt. Veitt leiðsögn getur bæði verið skrifleg og munnleg. Mikilvægt að fá að æfa og þjálf þá þætti sem lykilhæfniviðmið taka á. Markmiðið er að gera stöðugt betur og taka framförum.

### 4. Lykilhæfni sem hluti lokamats

- a. Mikilvægt að lokamat sé sanngjarnt og byggist á hlutlægum þáttum að baki einstökum viðmiðum um lykilhæfni. Próf eru ekki besta leiðin til að meta lykilhæfni. Þannig er huglægt mat kennara ekki góð leið til að meta getu nemenda er snýr að lykilhæfni, hann þarf að geta sýnt getu sína á einhvern hátt.
- b. Við lok skólaárs er nauðsynlegt að nemendur geti séð hversu vel þeir standast lykilhæfniviðmið í einstökum lykilþáttum.
- c. Undir lok skólaárs gæti líka verið tilefni til að vera með sérstök verkefni (t.d sjálfstæð þemaverkefni sem nemendur hafi talsvert frelsi til að skipuleggja og leysa sjálfir) til að sjá hvar nemendur standa í lykilhæfniþáttunum við námslok í árgangi. Einhverjir skólar eru að prófa sig áfram hér. Þessi verkefni geta snúist um skipulag og vinnubrögð nemenda (sjálfstæði, samvinna, ábyrgð), afurðir sem verða til í námsferlinu (sköpun, gagnrýnin hugsun, notkun miðla og upplýsinga) og loks kynningu á þeim (tjáning og miðlun).
- d. Hugsu þarf vel um það hvernig við vinnum með og gefum nemendum lokamat sem eiga erfitt með ná viðmiðum. Hvaða leiðir henta best til þess?

Í lok vinnustofunnar voru kynnt lykilhæfniviðmið fyrir 1.-10. bekk sem unnin hafa verið af starfshópi fmeð fulltrúa frá öllum grunnskólum Hafnarfjarðar fyrir alla grunnskóla bæjarins saman. Þau eru unnin út frá lykilhæfniviðmiðum aðalnámskrár í 4., 7. og 10. bekk. Tilgangur þeirra er að styðja við kennara og hjálpa þeim að vinna með lykilhæfnina í daglegu skólastarfi mismunandi árganga. Markmiðið með því að útbúa viðmiðin í samráði kennara þvert á skóla var að nýta faglega þekkingu úr öllum skólum til að fá meiri gæði við gerð þeirra. Það var vegna þess að ekki var taldin ástæða fyrir því að hafa viðmiðin bundin hverjum skóla (frekar en í aðalnámskrá) heldur væri hægt að samnýta þau og þau því útbúin sameiginlega. Það er samt sett í hendur hvers skóla og kennara í einstaka námssviðum að vinna með lykilhæfnina í daglegu skólastarfi í gegnum ólík viðfangsefni (hverrar námsgreinar) með þær leiðir og aðferðir sem þeir telja henta best til að vinna með lykilhæfnina og meta hana. Engin samræming er þar í gangi og verkefni hvers að útfæra slíkt. Viðmiðin er hægt að nálgast sérstaklega.